

KP-6W FERSKVATNSKÆLIR

RÉTT KÆLING FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Ferskvatnskælar frá Kælingu Víkurafla eru afrakstur áratuga þróunar og reynslu af notkun sjókæla við mjög krefjandi aðstæður á Íslandsmiðum og víða annars staðar um heiminn. Ferskvatnskælar eru þróaðir með sömu aðferðum og eru í hæsta gæðaflokki og hannaðir fyrir þá sem vilja nýta nútíma

Rétt kæling frá upphafi

Kælt ferskvatn getur verið afar hentugt þegar kemur að því að halda ferskleika afurða og hreinsa þær. En það er mjög mikilvægt að nota vatn meðéttu hitastigi til að koma í veg fyrir að afurðir hitni og komi af stað óæskilegum ferlum þannig að gæði og ferskleiki byrja að glatast.

Hitastig á ferskvatni í veitukerfum getur verið of heitt til þess að nýta við matvælavinnslu. Það er því mjög mikilvægt að huga að því hitastigi sem kemur beint úr krana og mikilvægt að hafa í huga að árstíðarbundnar sveiflur geta verið á því hitastigi. Með ferskvatnskælum má stýra hitastigi á vatni með nákvæmum hætti.

Algeng notkun

Algengt er að nota ferskvatnskæla í fiskvinnslum og matvælafyrirtækjum t.d. við skolun og þrif á fiski, kjöti og grænmeti. Vatnskælar eru fánlegir í all mörgum stöðluðum útfærslum en einnig sérhannaðir eftir þörfum hvers og eins.

KP-6W ferskvatnskælir í hnotskurn

KP-6W ferskvatnskælir afkastar allt að 600 lítrum á klukkustund af vatni sem er kælt niður í allt að 2°C. Sjónotkun við 15° er allt að 1.000 lítrar á klukkustund og sjósiun 100 mikron.

Tækniupplýsingar

Aflgjafi:	3x230V / 3x400V:
Orkunotkun:	5 kW
Kæliafköst:	6 kW
Kæliafköst:	5.000 kcal/klst.
Kæliafköst: 10 °C til 2°C: :	600 l/klst
Utanmál (LxBxH)	1200x500x725mm
Þyngd:	180 kg
Kælimiðill:	R404A / R449A
Sjósiun:	100 µm
Sjónotkun við 15°:	1.000 l/klst.

Uppbygging ferskvatnskæla

Ferskvatnskælar frá Kælingu Víkurafla ehf. eru með kælipressu sem drifin er af 3 fasa rafmagni, eimsvala, títanvarmaskipti ásamt tölvustýrðum stýrilokum og stjórnlokum. Stjórnstöflu má staðsetja nánast hvar sem er og mögulegt að hafa fleiri en einn stjórnskjá.

Vatnshiti veitukerfa hefur áhrif á afköst

Eftir því sem ferskvatn er kaldara þá aukast afköst ferskvatnskæla sem eru með „max flow“ virkn sem virkar þannig að hugbúnaður kerfisins leitast við að halda stöðugur hitastigi frá kælinum, óháð vatnsflæði. Þess vegna er mikill munur á afkastagetu (flæði) eftir því hvort vatnshiti er 5°C eða 10 °C. Þennan vatnskæli er hægt að fá með „Max flow“ útfærslu.

Ending og áreiðanleiki

Við hönnun og framleiðslu á ferskvatnskælum er ávallt valinn besti mögulegi búnaður og bestu fánleg efni á hverjum tíma. Ferskvatnskælarnir hafa þá sérstöðu að vera framleiddir með títanplötuvarmaskipti sem eykur bæði afköst og endingu verulega. Með reglulegu viðhaldi uppfærslum á ferskvatnskælum má reikna með endingu í allt að 25 ár eða jafnvel lengur.



Kæling Víkurafl ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kælilausna fyrir sjávarútveg. Við vinnum stöðugt að því markmiði að viðskiptavinir okkar geti hámarkað aflaverðmæti með rétttri kælingu á öllum stigum. Kælilausnir frá Kælingu Víkurafla hafa náð fótfestu bæði hér á landi og erlendis enda hafa þau staðið fyrir gæði, áreiðanleika, afköst, endingu og góða þjónustu.